

# ENDURBYGGING KALDADALSVEGAR, FRÁ HÁLSASVEITARVEGI AÐ LAMBÁRTUNGUM, BORGARBYGGÐ

## Ákvörðun um matsskyldu

### NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð endurbygging 7,3 km kafla Kaldadalsvegur, frá Hálsasveitarvegi að Lambártungum, Borgarbyggð, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa óveruleg neikvæð áhrif á verndargildi þess svæðis, sem vegurinn liggur um. Helstu neikvæðu áhrif framkvæmdanna verði á þeim kafla þar sem leggja á nýjan veg frá Geitáreyri að Lambártungum og felist þau í sjónrænum áhrifum af skeringum og fyllingum í brekkum í Lambártungum. Líklegt er að framkvæmdirnar auki öryggi vegfarenda, einkum á þeim kafla þar sem vegurinn liggur um brekkur Lambártungna.

Skipulagstofnun telur æskilegt að framkvæmdir á vegum séu kynntar fyrir stærrni hluta og á heildrænan hátt fremur en að kynntir séu stuttir vegakaflar, líkt og hér er gert fyrir nyrsta hluta Kaldadalsvegur. Skipulagsstofnun telur að með því að tilkynna aðeins framkvæmdir á hluta Kaldadalsvegur skorti yfirsýn yfir hvernig fyrirhuguð framkvæmd tengist öðrum mögulegum endurbótum á Kaldadalsvegi í framtíðinni og hver heildar umhverfisáhrif slíkra framkvæmda kunni að verða. Einnig er bent á að umfjöllun um matsskyldu gefur almenningi og hugsanlegum hagsmunaaðilum ekki tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri líkt og hægt er við kynningu á matsáætlun og frummatsskýrslu.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að áður en framkvæmdaleyfi verður veitt þarf að liggja fyrir samþykkt aðalskipulag Borgarbyggðar, sem geri ráð fyrir efnistöku úr eyrum Geitár, fyrirhuguðum úrbótum á Kaldadalsvegi og nýjum vegamótum Kaldadalsvegur, Hálsasveitarvegur og Hvítársíðuvegur. Skipulagsstofnun vekur einnig athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Borgarbyggðar, skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Skipulagsstofnun tekur undir með Heilbrigðiseftirliti Vesturlands að Vegagerðin tryggi að væntanlegir verktakar hafi tilskilin leyfi áður en framkvæmdir hefjast og þeir hafi samráð við byggingafulltrúa og heilbrigðiseftirlitið varðandi staðsetningu vinnubúða. Skipulagsstofnun bendir á að efnistaka úr eyrum Geitár er háð leyfi Fiskistofu skv. 33. grein laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 23. nóvember 2009.

19. október 2009

## INNGANGUR

Þann 3. júlí 2009 tilkynnti Efla verkfræðistofa, f.h. Vegagerðarinnar, til Skipulagsstofnunar fyrirhugaða endurbyggingu Kaldadalsvegar (550), frá Hálsasveitarvegi (518) að Lambártungum, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 10c í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Borgarbyggðar, Fiskistofu, Ferðamálastofu, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Skógræktar ríkisins og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Borgarbyggð með bréfi móttæknu 5. ágúst 2009, Ferðamálastofu með tölvupósti 17. ágúst 2009, Fiskistofu með bréfi dags. 13. júlí 2009, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 21. júlí 2009, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands með tölvupósti 28. júlí 2009, Skógrækt ríkisins með tölvupósti 27. júlí 2009 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 29. júlí 2009.

Frekari upplýsingar bárust frá Vegagerðinni með tölvupóstum 29. júlí og 2. október 2009.

## FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Fram kemur að Vegagerðin fyrirhugi að endur- og nýbyggja 7,3 km langan kafla Kaldadalsvegar (550), frá Hálsasveitarvegi (518) suður að þeim stað þar sem vegurinn liggir að Geitá, austan Lambártungna (svokölluð Leið C). Vegarkaflinn verði að mestu endurbættur í núverandi vegstæði en um nýjan veg verði að ræða á 2,4 km kafla, frá Geitáreyri að Lambártungum. Fyrirhuguð framkvæmdasvæði sé allt innan svæðis nr. 206 á náttúruminjaskrá (Húsafell).

Fram kemur að byrjað verði á þeim hluta vegarins þar sem byggja eigi nýjan veg (á milli stöðva 4.000 og 6.400). Á þeim kafla verði gerðar aflíðandi beygjur til að hægja umferð, sett vegrið í beygjur og skeringar gerðar til þess að jafna langhalla vegarins og minnka hættu á snjósöfnun og úrrennsli vegna leysingavatns. Þar sem vegurinn fari yfir Lambá verði lagt nýtt stálræsi og grjótvörn verði sett við veginn þar sem Geitá og Lambá renna saman. Nýlagning vegar muni víkja mest um 180 metra frá núverandi vegstæði (við stöð 5880).

Fram kemur að gera eigi ný vegamót Kaldadalsvegar, Hálsasveitarvegar og Hvítársíðuvegar austan við núverandi vegamót og ný brú verði byggð yfir Hvítá, rétt neðan þess staðar þar sem Hvítá og Geitá renna saman. Samkvæmt frekari gögnum Vegagerðarinnar, sem bárust Skipulagsstofnun 2. október 2009, mun Hálsasveitarvegur á þessum kafla verða lagður að mestu í núverandi vegstæði Kaldadalsvegar og Kaldadalsvegur stýttast sem því nemi (700 m). Brúin yfir Hvítá verði byggð á skilgreindu efnistökusvæði og grjót í rofvarnir við brúna komi úr skeringum Kaldadalsvegar, ofan Lambár.

Fram kemur að á þeim kafla þar sem leggja á nýjan veg þurfi að færa til um 60.000 m<sup>3</sup> af efni. Mest af því komi úr skeringum, einkum af ógrónu svæði í brekkunni ofan Lambár, en um 1.500 m<sup>3</sup> af efni verði tekið úr Söndum, syðst úr eyrum Geitár, en þar hafi efnisnám verið stundað í áratugi.

Fram kemur að tilgangur framkvæmdarinnar sé að bæta vegasamband um Kaldadalsveg og að Langjökli á ferðamannatíma, auka umferðaröryggi og minnka hættu á snjósöfnun á vegi. Áætlað sé að lagning nýs vegar frá Geitáreyri að Lambártungum (2,4 km) verði á unnin á tveimur sumrum, en ekki sé ljóst hvenær lokið verði við þann hluta vegarins sem eigi að endurbyggja.

**Áhrif á gróður og landslag.** Fram kemur að á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sé landslag nokkuð fjölbreytt og víða stórskorið. Svæðið einkennist af nálægðinni við gróskumikinn

Húsafellsskóg og einnig mela, sanda og gróðurlítið fjalllendi. Gróður sé víða strjáll og ósamfelldur en þó séu hlíðar Selfjalls grónar samfelldum lynggróðri og birki. Sandarnir séu gróðurlausir að mestu vegna sífellra breytinga á farvegum ána sem flæmast um þá. Þegar komi upp fyrir brekkurnar ofan Lambár og inn á Kaldadal sé strjáll melagróður innan um stórgrýti og þar séu stakar torfur vaxnar fjalldrapa og lyngi.

Fram kemur að þar sem vegurinn liggir um skógivaxinn ás (milli stöðva 1.350 og 1.500 og við stöð 1.900) þurfi að færa birkitré (alls 70-80 m<sup>2</sup> af kjarlendi), til þess að auka öryggi umferðar um veginn. Með vökvun verði tryggt að tré og undirgróður nái góðri rótfestu á ný ofan við veginn. Á þeim kafla þar sem lagður verði nýr vegur muni hann liggja á u.þ.b. 200 m kafla um svæði með fjalldrapa, víði og lynggróðri en að mestu á lítt grónu landi.

Fram kemur að fyrir á árum hafi veglínu Kaldadalsvegur verið breytt í brekkunni ofan Lambár. Þar sé víða að finna vegstubba sem stingi í stúf við umhverfið, en ætlunin sé að fella þá að umhverfinu með því að ýta vegköntum niður og róta upp í þeim grjóti til að líkja eftir umhverfinu. Við frágang að framkvæmdum loknum verði lögð áhersla á að skeringar taki mið af línunum í landslaginu. Þar sem farið verði um gróið land verði áburði dreift, til að örva grenndargróður.

**Áhrif á fornleifar.** Fram kemur að við Kaldadalsveg séu heillegar rústir nærri Hlíðarenda, nálægt mótum Lambár og Geitár. Um sé að ræða friðlýstar rústabyrpingar og hluta túngarðs. Við fyrirhugaðar framkvæmdir verði tekið mið af 13. gr. þjóðminjalaga.

**Áhrif á vatnafar.** Fram kemur að framkvæmdasvæðið sé á vatnsverndarsvæði Borgarfjarðarsýslu. Á meðan á framkvæmdum standi verði tímabundið og staðbundið rask á farvegum ána sem renni um framkvæmdasvæðið, m.a. vegna efnistöku syðst úr eyrum Geitár og lagningar ræsis yfir Lambá. Þar sem um sé að ræða jökulár sem renni fram með miklum efnisframburði sé ekki talið að umhverfisáhrif á vatnafar svæðisins verði mikil. Engin röskun verði á votlendi. Vinnubúðum verði fundinn staður í samráði við landeiganda (Húsafell 2) og Heilbrigðiseftirlit Vesturlands.

**Áhrif á jarðmyndanir.** Fram kemur að berggrunnur svæðisins sé ungur og svæðið þakið grágrýtishraunum og móbergi og jökul- og gosminjar séu strjálur og fábreyttar á svæðinu. Með fyrirhuguðum framkvæmdum sé ekki verið að fórna jarðmyndunum sem hafi sérstöðu á héraðs- eða landsvísu. Hluti af efni til framkvæmdanna verði tekinn úr eyrum Geitár en efnisframburður sé mikill úr gljúfri (gili) árinna. Ásýnd Sanda muni því ekki breytast varanlega.

**Áhrif á dýralíf.** Fram kemur að fuglalíf sé lítið og fábreytt á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og enga fugla á valista sé að finna á svæðinu. Fiskistofnar á svæðinu séu lítið nýtanlegir. Vegur um svæðið hafi verið í rekstri í langan tíma og því sé ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa mikil áhrif á dýralíf svæðisins.

**Áhrif á landnotkun.** Fram kemur að framkvæmdasvæðið sé fjarri byggð, en gera megi ráð fyrir að á framkvæmdatíma verði umferðartruflanir þar sem unnið verði mikið til á núverandi vegstæði. Umferð vinnuvéla á framkvæmdartíma fylgi m.a hávaði, útblástursmengun og rykmengun. Á rekstartíma megi gera ráð fyrir að framkvæmdin muni bæta samgöngur um Kaldadal, auka öryggi vegfarenda og hafa jákvæð áhrif á ferðaþjónustu í héraðinu sem og á landsvísu.

**Samræmi við skipulagsáætlanir.** Fram kemur að framkvæmdin sé í samræmi við Svæðisskipulag Miðhálandisins, sem geri ráð fyrir miklum endurbótum á aðalfjallvegum og hluta fjallvega, jafnvel með tilfærslum eða nýlagningu vega. Verið sé að vinna drög að Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2008 – 2020, þar sem gert sé ráð fyrir úrbótum á Kaldadalsvegi.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Borgarbyggð, Ferðamálastofa, Fiskistofa, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, Skógrækt ríkisins og Umhverfisstofnun telja ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

**Áhrif á gróður og landslag.** Borgarbyggð telur að fyrirhuguð endurbygging Kaldadalsvegur muni ekki hafa teljandi áhrif á náttúruvar svæðisins, né að óásættanleg sjónmengun muni hljóttast af framkvæmdinni, enda verði áformum Vegagerðarinnar um mótvægi gegn umhverfisáhrifum framfylgt til hins ýtrasta.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að verndargildi svæðisins felist m.a. í tilkomumiklu og fjölbreyttu landslagi, víðlendum skógi, laugum og lindum. Fyrirhuguðu vegstæði í Lambártungum hafi víða verið raskað með vegagerð fyrir á árum. Umhverfisstofnun telur að helstu umhverfisáhrif verði sjónræn vegna skeringa og fyllinga í brekkum í Lambártungum milli Lambár og Geitár. Telur Umhverfisstofnun að með áformuðum aðgerðum Vegagerðarinnar, sem felast í því að fella skeringar að halla og formum lands eins og kostur er, megi draga úr sjónrænum áhrifum. Umhverfisstofnun telur að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa í för með sér óverulega röskun á skóglendi og telur að áætlanir um flutning gróðurs eigi að tryggja lágmarks áhrif á birkiskóg. Að öðru leyti telur stofnunin að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á náttúruverndargildi svæðis nr. 206 á náttúruminjaskrá.

Skógrækt ríkisins telur að bæta megi skógareyðingu, sem hljótist af framkvæmdunum, með mótvægisáðgerðum. Þó sé ólíklegt að áform Vegagerðarinnar um tilfærslu og flutning á trjám sé vænleg mótvægisáðgerð. Kanna verði sérstaklega nýliðun náttúrulegs birkis í og við röskuð framkvæmdasvæði meðfram Kaldadalsvegi. Lýsir Skógrækt ríkisins sig tilbúna til ráðgjafar um frekari útfærslu mótvægisáðgerða.

Í svari kemur fram að Vegagerðin sé ekki sammála Skógrækt ríkisins um að tilfærsla á trjám sé ólíkleg til að heppnast. Með réttum tækjabúnaði sé hægt að flytja til tré án þess að þau drepist og slíkt hafi borið árangur í tengslum við aðrar framkvæmdir Vegagerðarinnar. Nokkur nýliðun birkis sé á jöðrum Húsafellsskógar en vegna lítillar úrkomu gangi nýliðun hægt og næst Kaldadalsvegi hafi enga nýliðun verið að finna. Vegagerðin muni ráðfæra sig við Skógrækt ríkisins á Vesturlandi um hvernig best verður að því staðið að færa til tré.

**Áhrif á fornleifar.** Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins er bent á að friðlýstar fornleifar (rústir) séu við Geitá vestan Lambár og Kaldadalsvegur liggja um rústasvæðið og fari þar í gegnum fornan túngarð. Fornleifavernd ríkisins telji að fornleifunum stafi ekki hætta af fyrirhuguðum framkvæmdum, en tryggja verði að lega vegar og lagning hans raski þeim ekki, sérstaklega garðlaginu sem sé sitt hvoru megin vegarins á þeim stað. Fornleifavernd ríkisins telur að undirbúningur og framkvæmd Vegagerðarinnar verði að vera í fullu samráði við Minjavörð Vesturlands. Merkja þurfi fornleifarnar greinilega og tryggja að þeim verði ekki raskað á meðan á framkvæmdum standi.

**Áhrif á vatnafar.** Í umsögnum Borgarbyggðar og Heilbrigðiseftirlits Vesturlands er bent á að framkvæmdasvæðið sé á vatnsverndarsvæði Borgarfjarðarsýslu. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands bendir á að tæki sem notuð verði við framkvæmdirnar þurfi að vera í góðu standi og olía og önnur hættuleg efni verði geymd utan vatnsverndarsvæðisins. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands segir að hingað til hafi verktakar í mörgum tilfellum ekki sótt um starfsleyfi og bendir á að vegna fyrirhugaðra framkvæmda þurfi starfsleyfi fyrir atvinnurekstri sem getur haft í för með sér mengun. Því vill Heilbrigðiseftirlit Vesturlands gera Vegagerðina ábyrga fyrir því að væntanlegir verktakar muni fara eftir þeim ákvæðum sem tilgreind eru í greinum

1.8 og 3.5 í gögnum Vegagerðarinnar, sem fjalla um hvaða leyfi þurfi að liggja fyrir áður en framkvæmdir hefjist og við staðsetningu vinnubúða.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða vegagerð á 7,3 km kafla Kaldadalsvegur, frá Hálsasveitarvegi suður að þeim stað þar sem vegurinn liggur að Geitá, austan Lambártungna. Vegarkaflinn verður að mestu endurbættur í núverandi vegstæði en um nýjan veg verður að ræða á 2,4 km kafla, frá Geitáreyri að Lambártungum. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er innan svæðis nr. 206 á náttúruminjaskrá (Húsafell) og á vatnsverndarsvæði Borgarfjarðarsýslu.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10c í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Við málsmeðferð Skipulagsstofnunar hefur komið fram að fyrirhuguðu framkvæmdasvæði hefur þegar verið raskað við fyrri vegaframkvæmdir. Helstu umhverfisáhrif verði sjónræn vegna skeringa og fyllinga í brekkum í Lambártungum, þar sem nýr vegur verður lagður. Skóglendi verður raskað á litlu svæði og óveruleg áhrif verða á náttúruverndargildi svæðisins. Friðlýstar fornleifar (rústir) eru við Geitá og liggur Kaldadalsvegur þar í gegnum fornan túnagarð, en þær séu ekki í hættu vegna framkvæmdanna enda verði þær merktar á viðeigandi hátt í samráði við Minjavörð Vesturlands. Þá er líklegt að framkvæmdirnar auki öryggi vegfarenda á þeim kafla Kaldadalsvegur sem framkvæmdirnar ná til.

Skipulagsstofnun telur að fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa óveruleg neikvæð áhrif á verndargildi þess svæðis, sem vegurinn liggur um.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Vegagerðarinnar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að endurbygging Kaldadalsvegur, frá Hálsasveitarvegi að Lambártungum, Borgarbyggð, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur æskilegt að framkvæmdir á vegum séu kynntar fyrir stærri hluta og á heildrænan hátt fremur en að kynntir séu stuttir vegakaflar, líkt og hér er gert fyrir nyrsta hluta Kaldadalsvegur. Skipulagsstofnun telur að með því að tilkynna aðeins framkvæmdir á hluta Kaldadalsvegur skorti yfirsýn yfir hvernig fyrirhuguð framkvæmd tengist öðrum mögulegum endurbótum á Kaldadalsvegi í framtíðinni og hver heildar umhverfisáhrif slíkra framkvæmda kunni að verða. Einnig er bent á að umfjöllun um matsskyldu gefur almenningi og hugsanlegum hagsmunaaðilum ekki tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri líkt og hægt er við kynningu á matsáætlun og frummatsskýrslu.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að áður en framkvæmdaleyfi verður veitt þarf að liggja fyrir samþykkt aðalskipulag Borgarbyggðar, sem geri ráð fyrir efnistöku úr eyrum Geitár, fyrirhuguðum úrbótum á Kaldadalsvegi og nýjum vegamótum Kaldadalsvegur, Hálsasveitarvegur og Hvítársíðuvegur. Skipulagsstofnun vekur einnig athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Borgarbyggðar, skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Skipulagsstofnun tekur undir með Heilbrigðiseftirliti Vesturlands að Vegagerðin tryggi að væntanlegir verktakar hafi tilskilin leyfi áður en framkvæmdir hefjast og þeir hafi samráð við byggingafulltrúa og heilbrigðiseftirlitið varðandi staðsetningu vinnubúða. Skipulagsstofnun bendir á að efnistaka úr eyrum Geitár er háð leyfi Fiskistofu skv. 33. grein laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 23. nóvember 2009.

Rut Kristinsdóttir

Sigmar Arnar Steingrímsson

